

Hvort er Adolf Hitler skrímsli eða hetja, spurði Winston Churchill

Fyrirverandi forsætisráðherra Breta, Winston Leonard Spencer Churchill (1874-1965), hefur, með örlagaríku hætti, komið við sögu beggja heimstyrjalda - eða bæði fyrsta og annars þáttar þeirrar heimstyrjaldar, sem enn stendur yfir; þ.e. viðleitni vestrænna auðjöfra, auðhringa og sjóða þeirra, til alheimsstjórnunar. Þessi öfl hafa nú sameinast í Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum). Helsti fulltrúi þess á Íslandi er Katrín Jakobsdóttir.

Winston var litríkur stjórnmálamaður, kunnur óreiðumaður, drykkjusvoli og iðulega óráðþægur, nema þegar þýsk-enski eðlisfræðingurinn og prófessorinn, Gyðingurinn, Frederick Alexander Lindemann (1886-1957), einkavinur hans, átti í hlut. Sá var kunnur að stækri andúð á Þjóðverjum.

Hastings Ismay (1887-1965), hershöfðingi og fyrsti framkvæmdastjóri Nató, var einnig ráðgjafi Winston. Hastings minntist eitt sinn á þessa leið:

Churchill var samt að segja, að heili prófessorsins væri makalaust fjölmúlavíl, og prófessorinn samsinnti því. Í starfi hans var ekkert honum óviðkomandi. Hann var þrjúskur eins og múldýr og hélt sig hafa burði til að leysa hvern þann vanda, sem að steðjaði. Prófessorinn ól á hatri gagnvart Adolf Hitler, leiðtoga Þjóðverja, og öllu hans starfi og lagði margvíslega af mörkum til að velta foringjanum úr sessi.

„Afhúsunin“ (dehousing) var hluti þeirrar viðleitni. Hún fólst í því að brjóta á bak aftur baráttuþrek þýsks almennings með því að láta rigna yfir hann sprengjum:

„Sprengja verður hús verkalýðsins – þar eð – hús millistéttarinnar hafa svo stóra garða. [Sprenging þeirra] fæli því í sér sóun á sprengjum.“

(Nokkrar bækur hafa verið skrifaðar um þennan merka prófessor, þ.á.m.: Frederick Winston Furneaux Smith Birkenhead: The Professor and the Prime Minister. The Official Life of Professor F.A. Lindemann, Viscount Cherwell 1962 – Thomas Wilson: Churchill and the Prof 1995 - (Henry) Roy Forbes Harrod: The Prof: A Personal Memoir of Lord Cherwell 1959.)

Það er víst óhætt að segja, að skel hafi hæft kjafti, þar sem fóru þeir félagar, Frederick og Winston. Winston kallaði prófessorinn „hundinn sinn.“

Stundum efaðist meðreiðarfólk um dómgreind Winston og andlegt heilbrigði, enda var drykkjusýki hans var svo alvarleg að ráða þurfti leikara til að flytja mikilvægar ræður í útvarp.

Engu að síður trúði Winston því sjálfur, að hann væri eins konar hernaðarsnillingur að upplagi. Hann trúði vini sínum t.d. fyrir því, að „eðli sínu samkvæmt væri hann sigursæll hermaður. Ég sé fyrir mér miklar hreyfingar og samþættingar,“ datt einu sinni upp úr honum.

Í fyrri heimstyrjöldinni, þá flotaforingi, var hann einkum þekktur fyrir innrásarófarir Breta í Suður-Evrópu (Gallipoli) og hafnbann á Þjóðverja, sem leiddi til skelfilegrar hungursneyðar, og leynilega vopnaflutninga í samráði við Bandaríkjaforseta með farþegaskipinu, Lusitania, sem stefnt var inn á lítt varið hafsvæði, þar sem Þjóðverjar sögðust myndu sökkva því.

Það var harmsögulegur atburður; fjöldi mannlífa fór forgörðum og kynt var afdrifaríkt undir áróðri gegn Þjóðverjum. Tilgangurinn var að draga Bandaríkjamenn inn í hildarleikinn á meginlandi Evrópu.

Í öðrum þætti heimstyrjaldarinnar var hann þekktur fyrir lofthernað gegn saklausum íbúum Hamborgar (Operation Gomorrah, 37.000 drepnir, 180.000 særðir), Freiburg (Operation Tigerfish – um 2.800 drepnir) og Dresden. Sprengjum var látið rigna yfir borgirnar. Þar kom annar hatursmaður Þjóðverja einnig við sögu, Arthur Travers Harris (1892-1984), yfirmaður í flughernum, sem átti þann draum heitastan að eyða þýskum borgum.

Enski sagnfræðingurinn, David John Cawdell Irving (f. 1938), skrifaði í bók sinni, „Eyðileggingu Dresden“ (The Destruction of Dresden), að um væri að ræða „umfangsmesta fjöldamorð í sögu Evrópu,“ „Hiroshima Þýskalands.“

Tölur látinna eru mjög á reiki. T.d. var óvíst, hversu margir flóttamenn hefðu verið staddir í borginni. En að líkindum skiptu þeir þúsundum. David gerði sér í hugarlund, að 150 til 200.000 hefðu orðið eldsprengjunum að bráð.

Á afrekaskrá Winston Churchill ber einnig hátt leynivarnarsamning við Pólverja og Rússa, tilburði hans til að opna nýjar víglínur á Norðurlöndunum og í Suður-Evrópu, svo og misheppnuð innrás við Dunkerque (Dunkirk) í Frakklandi. Þar hefði Þjóðverjum verið í lófa lagið að taka til fanga eða drepa stóran hluta hers Breta, en Adolf Hitler gaf þeim ráðrúm til að flýja.

Um svipað leyti og Paul von Hindenburg (1847-1934), forseti Þjóðverja, hafði skipað Adolf Hitler kanslara, skrifaði Winston:

„Enda þótt kerfi Hitler's sé manni ekki að skapi, má engu að síður dást af árangri hans í þágu þjóðarinnar. Fari svo, að þjóð vor fari halloka, vona ég að finnast muni baráttujaxl

jafn óbugandi og hann er til að blása okkur hugrekki í brjóst og leiða okkur aftur á vit þjóðanna. Það ræðst á grundvelli þessa leyndardóms framtíðarsögunnar, hvort Hitler verður lýst sem skrímsli eða hetju.“

Annar forsætisráðherra Breta, David Lloyd George (1863-1945), undraðist einnig dug og velgengni Þjóðverja, ári síðar (1936). Hann sagði:

Þýskaland í dag „er ekki Þýskaland áratugarins í kjölfar stríðsins – sundurtætt, bugað og niðurlútt, þrugað tilfinningu máttleysis og kvíða. Þjóðin er nú glædd von og sjálfstrausti og stefnir ótrauð að því að byggja upp líf sitt, án afskipta framandi afla. Þetta kraftaverk er einum manni að þakka. Hann er fæddur leiðtogi, töfrandi og öflugur, hefur einn tilgang í lífinu, og býr yfir viljafestu og hugrekki.

Vinsældir hans eru óbrigðular. Öldungarnir bera traust til hans, hinir ungu hefja hann á stall. Það er ekki um að ræða aðdáun á vinsælum leiðtoga, [heldur] dýrkun þjóðhetju, sem bjargað hefur þjóð sinni frá fullkominni örvinglun og niðurlægingu. ... Hvergi hef ég rekist á hamingjusamari þjóð en Þjóðverja.“

Þegar andþýskur áróður stóð sem hæst árið 1936, birti Daily Mirror ákall Adolf til heimsins barna:

„Ég skírskota til skynsemi í alþjóðamálum. Mér stendur hugur til þess að sýna fram á, að ævarandi fjandskapur sé rangur.“

Tveim árum síðar, sagði Adolf í þýska þinginu, minnugur niðurlægingar Versalásamningsins:

„Ég leyfi mér ... að ítreka það gagnvart íbúum heimsins, að nóvember 1918 mun aldrei verða endurtekinn í þýskri sögu. Á sama hátt og ég er sjálfur reiðubúinn til að hætta lífi mínu – fórnar því í þágu þjóðar minnar og Þýskalands – bið ég aðra um það sama.“

Adolf reyndi ítrekað að friðmælast við nágretta sína og endurheimta þýskt land með friðsamlegum hætti. Allt kom fyrir ekki. Þjóðverjum var legið á hálsi fyrir að vilja leggja undir sig Evrópu og breska heimsveldið.

Í þingræðu um innrásina í Pólland, fórust Adolf orð á þessa leið:

Um þær mundir sem Þjóðverjar berjast fyrir því að halda saman eigin landrými, sem þekur nokkur hundruð þúsund ferkílómetra, halda ósvífnir blaðamenn þjóða, sem ríkja yfir 40 milljónum ferkílómetra, að Þjóðverjar stefni að heimsyfirráðum. Hafi 46 milljónir rétt til að drottna yfir öllu þessu svæði, getur það varla talist ósanngjörn krafa, að 82 milljónir Þjóðverja eigi rétt til að lifa lífi sínu á 800.000 ferkílómetrum.

(Þegar hér var komið sögu, höfðu þýsku héruðin í Austurríki og Tékkóslóvakíu, sem höfuðsmiðir Versalasarinnanna sniðu af Þýskalandi, sameinast móðurlandinu. Samningar tókust ekki við Pólverja, sem Bandaríkjamenn og Bretar öttu út í stríð við Þjóðverja. Frakkar og Bretar sögu Þjóðverjum stríð á hendur í kjölfar innrásarinnar í Pólland.)

Adolf heldur áfram ræðu sinni og segir:

Ég hef fullan skilning á því, að ýmsir hagsmunaaðiljar maki frekar krókinn í stríði en friði. Og ég skil mæta vel, að ákveðin tegund blaðamanna hafi meiri áhuga á fréttum um blóðsúthellingar en friðsamlega iðju og menningarafrek, sem þeim sjálfum er fyrirmunað að skilja.

Það er mér ekki síður skýrt fyrir hugskotssjónum, að á sjónarsviðinu megi greina hóp Gyðinga hins alþjóðlega auðvalds og blaðamanna, sem í engu bera hag þeirra fyrir brjósti, sem þeir þó þykjast vera fulltrúar fyrir.

Nei! Þetta stríð á Vesturlöndum leysir engan vanda, nema hugsanlega þann fjárskort, sem ákveðnir vopnaframleiðendur, dagblaðaeigendur eða aðrir alþjóðlegir stríðsbraskarar, búa við. Það væri gáfulegra að leysa þann vanda, áður heldur en milljónir karlmanna eru sendar á vit dauða síns og milljaðareignum tortímt.

„Síðasta ákall um skynsemi,“ hét ræða foringja Þjóðverja, þann 19. Júlí 1940, þegar stríðið hafi staðið í tæpt ár. Frakkar og Bretar höfðu farið endalausar hrakfarir og Bandaríkjamenn ókomnir á vígvöllinn.

Ræðunni var dreift yfir Lundúnir. Það var þó ekki síðasta tilraun Þjóðverja til friðarumleitanna. Síðar sendi Adolf vin sinn, Rudolf Hess (1894-1987), þann sem skráði bók hans, „Baráttu mína“ (Mein Kampf), til Englands í einkaflugvél. Bandamenn létu Rudolf rotna í fangelsi.

En í téðri ræðu segir m.a.: Eins og ég hef áður sagt, hefði þetta stríð aldrei þurft að eiga sér stað, því í síðastliðnum októbermánuði (1939) fór ég einungis fram á frið við Frakka og Breta. En vopnaframleiðendur vildu heyja stríð, hvað sem það kostaði og nú hefur þeim orðið kápan úr því klæðinu.

Það hefur aldrei verið ásetningur minn að heyja stríð, miklu heldur að byggja ríki með nýrri samfélagsskipan og afbragðsmenningu.

Ræða Adolf fékk hæðnislegar móttökur í Lundúnum. T.d. sagði hinn þýsk-breski, Dennis Sefton Delmer (af áströskum Gyðingaættum), sem átti viðtal við Adolf árið 1931, og þá var í burðarliðnum sem áróðursmeistari Breta:

„Herra Hitler! Þú inntir mig einu sinni álits á hugarástandi bresks almennings. Ég leyfi mér því, yðar ágæti, að gera þér slíkan greiða í kvöld. Ég skal ekki fara í grafgötur með skilning Breta á því, sem þú kallar ákall til almennrar skynsemi og rökvísi. Herra Foringi! Við endursendum það til föðurhúsanna, beint í illa þefjandi smetti (teeth) þitt.“

Í erfðaskrá sinni frá 29. apríl 1945, ítrekaði foringinn: „Það er ósatt, að ég eða einhver í Þýskalandi hafi óskað stríðs árið 1939. Það var að öllu leyti að vilja og áeggjan alþjóðlegra stjórnámálanna, annað tveggja af gyðinglegum uppruna eða erindreka gyðinglegra hagsmunaaðilja.“

Þess má geta, að erfðaskráin var rituð af á Traudl Junge (1920-2002), ritara Adolf, sem ævinlega bar vinnuveitanda sínum góða sögu.

Fyrirnefndur (Dennis) Sefton starfaði á vegum „Neðanjarðaráróðursráðs“ Breta (Underground Popaganda Committee), ásamt Ian Lancaster Fleming (1908-1964), höfundu sagnanna um James Bond, njósnara hennar hátignar.

Í upphafi fólst hinn svarti áróður (black propaganda) hans í að semja – ásamt starfsmönnum síum- fréttæfni, þar sem um fimmtungur boðskaparins var lygi. Einnig voru kynórasögur, klúrar, niðurlægjandi myndir og frásagnir áberandi.

Síðar tók hann upp á því að falsa réttargögn sem væru þau þýsk. Þau lýstu iðulega glæpum S.S. liðsforingja, nauðgunum og morðum. (Þessa svipar mjög til áróðurs Breta og Bandaríkjamanna í fyrsta þætti heimstýrjaldarinnar.) Í útvarpssendingunum kallaði hann sjálfan sig foringjann (Chef) og lést vera föðurlandsvinur, hliðhollur Adolf Hitler.

Sömuleiðis falsaði áróðursmeistarinn frásagnir fanga í yfirheyrslum, svaraði bréfum frá vandamönnum drepinna hermanna í útvarpssendingum (Dead Letters) og dreifði myndum af drepnum konum og börnum yfir herstöðvarnar í falsblaði sínu, „Hersveitafréttum“ (Nachrichten für die Truppe). Sefton rak einnig útvarpsstöðina, „Hermannasendinn“ í Calais (Soldatensender Calais).

Matthew Shaer hjá Smithsonian stofnuninni kallar starfsemi Sefton „áróðurssmiðju.“ Endurminningar Sefton, „Svikuli njósnarinn“ (The Counterfeit Spy), komu út árið 1973. Hann kemur einnig við sögu í heimildarmyndinni: „Come Before Winter.“

Utanríkisráðherra Breta, Anthony Eden (1897-1977), ofbauð áróðurinn. Hann sagði: „Sé þetta leiðin til að vinna stríðið, vil ég heldur tapa því.“

Það er snúið að gera sér grein fyrir staðreyndum, þegar stjórnvöld og fjölmiðlar leggja sig fram um að ljúga, afbaka og þagga. Það á hvort tveggja við um líðandi stundu og liðna tíma, mannkynssöguna, sem er rituð á slíkum grundvelli.

En hver lítur sínum augum á silfrið. Sumir þverskallast við staðreyndum og sitja við sinn áróðurskeip. Það á t.d. við um forseta úkraínska þingsins, Andriy Volodymyrovych Parubiy (f. 1971), sem í upphafi september 2018, kallaði Adolf Hitler; „kyndilbera lýðræðisins.“ Til frekari glöggvunar sagði hann: „Ég er ákafur stuðningsmaður milliliðalauss lýðræðis, ... og stórmennið, sem það hefur iðkað, var Adolf Aloizovich [Hitler].“

Það má til skilningauka geta þess, að kærleikar miklir voru með Andriy þessum og vestrænum stjórnámálönnum, ekki síst Victoria Jane Nuland (f. 1961), sem var verkstjóri Barrack Hussein Obama (f. 1961), þegar lýðræðislega kjörinni stjórn var steypt af stóli í Kænugarði árið 2014.

Í kjölfar hennar mátti lesa í New York Times: „Bandaríkin og Evrópusambandið dásama byltinguna hérna [í Úkraínu] [og telja hana] annað dæmi um það, hvernig lýðræðið blómstrar, ...“

Í öllum stríðum eru unnin voðaverk og flest stríð eru í sjálfu sér siðferðilegur glæpur. T.d. voru stjórnvaldsmorð á fötluðum Þjóðverjum, læknisfræðilegar tilraunir Þjóðverja á föngum og fjöldamorð á Gyðingum, óumdeilanlegir glæpir.

En það voru líka fjöldamorð Tyrkja á Armenum, Húta á Tútsum og Bandamanna á Þjóðverjum, Frökkum og fleiri Þjóðum, svo dæmi séu tekin.

<https://archive.org/details/wtwrh>

[Disinfo: The speaker of Ukraine's Verkhovna Rada calls Hitler "the biggest" democrat \(euvsdisinfo.eu\)](https://euvsdisinfo.eu)

[Ukrainian speaker Andriy Parubiy slammed for praising Hitler as history's 'greatest democrat' | Morning Star \(morningstaronline.co.uk\)](https://www.morningstaronline.co.uk)

<https://www.encyclopedia.com/people/science-and-technology/physics-biographies/frederick-alexander-lindemann>

<https://www.history.com/news/dresden-bombing-wwii-allies>

https://en.wikipedia.org/wiki/Operation_Tigerfish

<https://realnewsandhistory.com/lindemann/>

<https://archive.org/details/professorprimemi0000birk>

<https://www.kirkusreviews.com/book-reviews/a/the-earl-of-birkenhead/the-professor-and-the-prime-minister/>

<https://www.britannica.com/event/T4-Program>

<https://www.smithsonianmag.com/history/fighting-nazis-fake-news-180962481/>

<https://spartacus-educational.com/Jdelmer.htm>

https://michelchossudovsky.substack.com/p/hitler-torchbearer-democracy-ukraine-parliament?utm_source=post-email-title&publication_id=1910355&post_id=137455074&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://archive.org/details/counterfeitspy00delm>

<https://biographics.org/sefton-delmer-the-master-of-black-propaganda/>

<https://www.history.com/topics/world-war-i/battle-of-gallipoli-1>

<https://www.history.com/news/winston-churchills-world-war-disaster>

<https://archive.org/details/prof0000rfha/page/n7/mode/2up>

<https://www.historynet.com/prime-minister-professor-confidence-man/>

<https://www.historynet.com/allied-aerial-destruction-of-hamburg-during-world-war-ii/>